

Málþing verkefnisstjórnar um heilsufar kvenna og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.
Reykningar: konur og karlar – þarf kynbundna nálgun í forvörnum og reykleysismeðferð
Grand – Hótel, 4. júní 2004.

**Ávarp Jóns Kristjánssonar,
heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra**

Góðir gestir!

Ég þakka þátttöku þeirra sem hér eru saman komnir og sýna með því að þeir láta sig varða þann mikla heilbrigðisvanda sem reykningar eru í samfélaginu.

Það er við hæfi í framhaldi af reyklausa deginum 31. maí að ræða þessi mál - og að þessu sinni verður horft á reykningar, forvarnir og reykleysismeðferð út frá nokkuð öðru sjónarhorni en við erum vön. Á málþinginu hér í dag verður litið á reykningar kvenna og karla og fjallað um hvort þörf sé fyrir að nálgast forvarnir og reykleysismeðferð út frá kynbundnum mun.

Þessi nálgun er ekki af tilefnislausu.

Í alþjóðlegum samanburði til margra ára sést svo ekki verður um villst að íslenskar konur skera sig úr miðað við kynsystur sínar í öðrum löndum vegna hárrar tíðni reykinga og hafa um langt skeið verið í einu af tíu efstu sætunum í þeim efnunum. Reykingar urðu fyrr almennar meðal íslenskra kvenna en hjá konum annars staðar og munur á reykningum karla og kvenna er óvenjulítill hér á landi. Þessi staðreynd endurspeglast í þróun dánartíðni vegna lungnakrabbameina hér á landi sem hefur hækkað jafnt og þétt meðal beggja kynja, náði hámarki á árunum 1990 - 2000 og er enn há þótt einhverrar lækkunar sé farið að gæta hjá báðum kynjum.

Reykningar jafnt karla og kvenna eru áhyggjuefni, en það verður að gefa sérstöðu íslenskra kvenna sérstakan gaum m.a. vegna þess að rannsóknir hafa sýnt að reykningar eru konum skaðlegri en körlum og þær eru sterkur áhættuþáttur vegna margra sjúkdóma, svo sem beinþynningar, kransæðasjúkdóma og ýmissa krabbameina, þótt lungnakrabbamein sé þar mest afgerandi. Ég veit að nánar verður fjallað um þennan þátt hér á eftir.

Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna átti frumkvæðið að þessu málþingi. Verkefnisstjórnin var sett á fót í kjölfar starfa nefndar um heilsufar kvenna sem skipuð var af forvera mínum í starfi, Ingibjörgu Pálmadóttur. Nefndin kynnti í apríl árið 2000 álit sitt og tillögur og þar voru reykningar kvenna meðal þess sem sérstaklega var fjallað um. Það er skoðun mín að við getum ekki leyft okkur að bíða lengur með að skoða þessi mál einmitt út frá kynbundnum mun vegna þeirrar sérstöðu íslenskra kvenna sem ég nefndi hér áðan. Nauðsynin endurspeglast einnig í tölum Hagstofunnar um þróun meðalævilengdar karla og kvenna. Þar kemur fram að líkt og annars staðar í heiminum er meðalævilengd karla styttri en kvenna. Aftur á móti hefur dregið talsvert saman með kynjunum og hér á landi er munurinn hvað minnstur borið saman við aðrar þjóðir innan OECD. Lengi vel voru lífslíkur íslenskra kvenna hæstar á veraldarvísu. Svo er ekki lengur heldur sitja þær nú í sjötta sæti. Meðalævilengd íslenskra karla heldur semsé áfram að lengjast þetta er vísbending sem þarf að taka alvarlega.

Ég ætti auðvelt með að standa hér fram eftir degi til að ræða um reykingar og þá ógn sem heilbrigði þjóðarinnar stafar af þessum hættulega og áleitna förunauti. Í úttekt sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir tóbaksvarnarnefnd á síðasta ári kom fram að árlega deyja um 350 - 400 Íslendingar vegna beinna eða óbeinna reykinga sem séu fleiri en deyja samanlagt vegna neyslu áfengis og ólöglegra fíkniefna, umferðarslysa, morða, sjálfsmorða og alnæmis. Hér er aðeins talað um mannlát vegna reykinga en ótaldir þeir sem líða þjáningar og verulega skert lífsgæði vegna sjúkdóma af þeirra völdum. Þeim má heldur ekki gleyma.

Fjárhagslegur kostnaður samfélagsins vegna reykinga er einnig gífurlegur. Samkvæmt fyrrnefndri úttekt Hagfræðistofnunar er talið að árlegur kostnaður vegna Reykinga á Íslandi sé um 20 - 21 milljarður króna. Þeir sem vinna ötulast að tóbaksvörnum verða iðulega fyrir harðri gagnrýni byggðri á því að með áróðri, boðum og bönnum séu mannréttindi fótum troðin og frelsi einstaklinganna skert. Ég bendi hins vegar á að réttindum fylgja bæði ábyrgð og skyldur og spyr því á móti: Eru það sjálfsgöð réttindi einstaklinga að stofna heilsu sinni og jafnvel annarra í verulega hættu með reykingum og baka samfélaginu með þeirri hegðun félagslegt og fjárhagslegt tjón?

Ég er sannfærður um að rétt stefna er sú að vinna með öllum tiltækum ráðum að því að draga úr reykingum, jafnvel þótt til þess þurfi að grípa fastar í taumana og setja strangari umgengnisreglur. Það er orðið nokkuð langt síðan að reykingar voru bannaðar í almenningssamgöngutækjum, biðstofum opinberra stofnana og víðar þar sem almenningur sækir sér þjónustu. Á sínum tíma brugðust margir hart við og þótti að sér þrengt. Nú er ég þess fullviss að fáir ef nokkur myndi kæra sig um reykingar í rútubílum, leigubílum, í bönkum, flugvélum o.s.frv. Þetta held ég að gildi jafnt um þá sem reykja og þá sem gera það ekki. Viðhorf breytast sem betur fer í þessum efnum - og fólk venst takmörkunum, semur sig að þeim og fer þegar á botninn er hvolft að kunna að meta þær.

Nú hafa Írar um nokkurt skeið haft í gildi lög sem banna reykingar á veitingastöðum, sambærileg lög eru nýkomin til framkvæmda í Noregi og í Svíþjóð taka slík lög gildi 1. júní 2005. Það er óþarfi að tíunda nákvæmlega innihald þessara laga hér, en þau eru sett með það að leiðarljósi að vernda starfsfólk veitingastaða fyrir óbeinum reykingum og tryggja því sambærilegan rétt til reyklauss vinnuumhverfis og öðrum.

Réttur til reyklauss vinnuumhverfis á að vera sjálfsagður. Það er mér ánægja að segja frá því hér að ég hef ákveðið að hefja í sumar undirbúning að gerð frumvarps um þetta efni sem ég hyggst leggja fram á næsta þingi. Ég hef fulla trú á því að þegar á reynir eigi slík lagasetning eftir að njóta stuðnings almennings og verða skref til góðs.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en vil að lokum þakka verkefnisstjórn um heilsufar kvenna fyrir frumkvæði að málþinginu hér í dag. Við höfum þörf fyrir kyngreindar upplýsingar þegar heilsufar þjóðarinnar er skoðað, til að öðlast skilning á lífsháttum, áhættuþáttum sjúkdóma, meðferð og forvörnum og hvernig framantaldir þættir geta haft mismunandi áhrif eftir því hvort kynið á í hlut.

Ég óska þess að gestum málfingsins verði vel ágengt í dag og vonast til að hédan megi vænta gagnlegra ábendinga sem orðið geta liður í því ná markmiðum Heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 á sviði tóbaksvarna.

Góðar stundir.